

**Nd.**

**600. Nefndarálit**

[25. mál]

um frv. til l. um vaxtalækkun o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins, og mun minni hl. (EÁ og SkG) skila séráliti.

Frv. um sama efni hefur verið flutt á tveimur undanförnum þingum af þingmönnum Framsóknarflokksins í Nd. og verið fellt. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að þetta frv. verði fellt. Með lögnum um efnahagsmál, 20. febr. 1960, voru gerðar margvíslegar ráðstafanir til viðreisnar efnahagslífinu, og í kjölfar laganna fylgdu einnig ýmiss konar aðgerðir, er miðuðu að því sama.

Frv. þetta miðar að því að breyta vissum þáttum í þeim heildaraðgerðum á sviði efnahagsmálanna, sem framkvæmdar hafa verið á undanförunum árum, m. a. lækkun vissra tiltekinna útlánsvaxta.

Menn getur greint á um það, hver hæð vaxta skuli vera, en ef litið er á þróun efnahagsmála hér á landi undanfarið og ástandið, eins og það er í dag, getur það vart orkað tvímælis, að sú breyting, sem frv. gerir ráð fyrir, mundi ýta undir þá verðbólguþróun, sem nú er í landinu, en ekki draga úr henni, eins og flutningsmenn frv. halda fram.

Meiri hl. nefndarinnar vill ekki eiga hlut að slíku og leggur því til, eins og áður segir, að frv. verði fellt.

Alþingi, 2. maí 1964.

Davíð Ólafsson,  
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,  
fundaskr.

Matthias Á. Mathiesen.